




Dagsetning: 5. apríl 2024
Málsnúmer: 2403289/7.0

Til fjölskyldunefndar

MINNISBLAÐ

Breytingar á úthlutun sérkennslu og stuðningstíma til grunnskóla

Árið 2019 samþykkti þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra að hefja tilraunaverkefni með sveitarfélögum sem miðaði að því að vinna markvisst að því að fjárframlög sem áður voru nýtt til stuðnings verði í auknum mæli nýtt til íhlutunar og forvarnarstarfs. Vinnan stóð í tvö ár og voru niðurstöður hennar teknar saman í skýrslu sem gefin var út í ágúst 2021ⁱ. Fjarðabyggð eins og mörg önnur sveitarfélög töluðu um að þörf væri á að skerpa á úthlutun til barna með umfangsmiklar stuðningsþarfir. Í þessu minnisblaði er unnið út frá þessum áherslum ásamt því að breyta úthlutun skiptistunda og úthlutun til sérkennslu í samræmi við það sem snýr að breyttum áherslum í lögum og þjónustu og því sem mörg önnur sveitarfélög eru að geraⁱⁱ. Sem fyrr byggir þó úthlutun Fjarðabyggðar til grunnskóla á þríhyringsmódelinu sem sett er fram með myndrænum hætti hér fyrir neðan:



Breytingarnar sem lagðar eru til að gerðar verði á núverandi kennslutímaúthlutun snúa að því að mynda rými fyrir nýjan úthlutunarflokk sem ber heitið „sértæk úthlutun“. Sú úthlutun er til nemenda sem þurfa stuðning vegna athafna daglegs lífs. Um er að ræða fatlaða nemendur og nemendur með alvarlegar raskanir.

Nemendum er úthlutað stuðningstíma út frá fjórum flokkum sem miðaðir eru við þjónustuþyngd út frá SIS-mati:



	Flokkur A	Flokkur B	Flokkur C	Flokkur D
SIS mat	7	8 - 9	10 - 12	13 - 16
Stöðugildi	25%	38%	65%	100%

Með þessari breytingu erum við að gera úthlutun til handa nemendum auknar stuðningsþarfir gagnsærri, bæði fyrir skólana og foreldra nemendanna.

Til að mynda rými fyrir þessa úthlutun eru eftirfarandi breytingar lagðar til:

Stækka **námshópa** á unglíngastigi (8.-10. bekkur) úr 23 nemendum í hóp í 27 nemendur.

Skiptistundum vegna list- og verkgreina verður nú úthlutað samkvæmt eftirfarandi hópSKIPTINGU: Að 1.- 2. bekkur myndi hóp, að 3.- 4. bekkur myndi hóp, að 5. – 7. bekkur (miðstíg) myndi hóp og 8. – 10. bekkur (unglíngastíg) myndi hóp.

Sérkennslustundir verða reiknaðar með því að margfalda nemendafjölda með eftirfarandi stuðlum: Á yngsta stigi er stuðullinn 0,23, á miðstigi er stuðullinn 0,18 og á unglíngastigi er stuðullinn 0,14.

Klukkustundir til stuðnings í námshóp verða nú reiknaðar með því að setja 0,3 stöðugildi stuðningsfulltrúa inn í hvern námshóp í 1. – 6. bekk.

Anna Marín Þórarinsdóttir

Stjórnandi fræðslumála og skólaþjónustu

i <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/08/09/Skyrsla-um-radstofun-fjarmuna-i-grunnskolum/>

ii Akureyri, Reykjavík, Árborg, Kópavogur, Hafnarfjörður, Mosfellsbær